

Birtist í *Morgunblaðinu*, 8. desember 2000.

Um Fargjöld Flugleiða

Jón Steinsson

Það er einkar athyglisvert að fylgjast með og bera saman skeyti sem send eru út á mismunandi tölvupóstlista Flugleiða. Ég hef í vetur fylgst með tveimur póstlistum: Annars vegar Netklúbbnum og hins vegar Lucky Fares. Eins og nöfnin gefa til kynna þá er Netklúbburinn ætlaður Íslendingum en Lucky Fares ætlaður útlendingum (raunar Bandaríkjamönnum að því er ég kemst næst).

Það athyglisverðasta sem kemur í ljós þegar tilboðin á þessum tveimur póstlistum eru borin saman er sá gríðarlegi munur sem er á tilboðum á sömu flugleiðum eftir því í hvora áttina er flogið. Til dæmis hafa verið í gangi afar ákjósanleg tilboð í haust á flugi frá bandarískum borgum til Keflavíkur og til baka fyrir á bilinu \$200-\$300. Á hinn bóginn hefur ekki verið boðið upp á nein sambærileg tilboð á flugi frá Keflavík til Boston eða New York og til baka á þessum tíma. Þannig kostaði flugfarið KEF-JFK-KEF frá helmingi meira og upp í fjórum sinnum meira en flugfarið JFK-KEF-JFK mestan part október og nóvember. Einnig hafa verið í boði afsláttarfargjöld á flugleiðinni JFK-KEF-JFK fyrir tímabilið 15. janúar til 27. mars á \$250 án þess að sambærileg fargjöld biðust á flugleiðinni KEF-JFK-KEF. Einn bandarískur kunningi minn benti mér á það þegar ég sagði honum frá þessu að það væri ef til vill ódýrara að kaupa tvo JFK-KEF-JFK hringi og henda tveimur af flugleggjunum fjórum og búa þannig til KEF-JFK-KEF miða en að kaupa KEF-JFK-KEF miða. Ég hef enn ekki skoðað þetta í þaula en það er a.m.k. alveg á hreinu að það er ekki hægt að kaupa KEF-JFK-KEF hring á undir \$500, hvað þá á \$250.

Flugleiðir er auðvitað einokunarfyrirtæki á flugleiðinni KEF-JFK-KEF og því er í rauninni ekkert sem hægt er að gera í þessu. Og það á í rauninni ekkert að koma manni á óvart að þetta sé svona. Svona hegða einokunarfyrirtæki sér a.m.k. í kennslubókunum. Flugleiðir sjá sér einfaldlega hag í því að láta flug frá Íslandi kosta helmingi meira en flug til Íslands. Þessi hegðun Flugleiða ætti ef til vill helst að kenna okkur að meta þá litlu samkeppni sem ríkir á öðrum mörkuðum á Íslandi. Á flestum þeirra er þó a.m.k. fákeppni.